



Ungt fólk í kreppu

Atvinnu-, fjárhags- og félagsstaða

Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi MA, PhD,
prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Klara Valgerður Brynjólfssdóttir, félagsráðgjafi MA,
Vinumálastofnun



Guðný Björk Eydal



Klara Valgerður
 Brynjólfssdóttir

Útdráttur

Greinin fjallar um stöðu og afdrif ungs fólks á aldrinum 18–24 ára sem fékk fjárhagsaðstoð í Reykjavík sex mánuði eða lengur árið 2008. Spurt er hve lengi þessir einstaklingar hafi þegið fjárhagsaðstoð og hvernig aðstæðum þeirra sé háttað. Til að fá upplýsingar um stöðu þessa hóps var aflað gagna úr málaskrá hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og hópnnum fylgt eftir til 2011. Niðurstöður sýna að 68% hópsins þurftu enn á fjárhagsaðstoð að halda árið 2011. Aðstæður í uppvexti hafa í mörgum tilvikum verið bágbornar og menntunarstig hópsins er lægra en almennt gerist meðal sama aldurshóps. Félagsleg staða hópsins er veik, vímuefnaneysla er algeng og stór hluti hans glímir við geðræn vandkvæði. Niðurstöður benda til þess að þau úrræði sem fyrir hendi voru hafi eingöngu nýst hluta hópsins til að bæta aðstæður sínar og skoda þurfi hvernig hægt sé að mæta enn betur þörfum ungs fólks sem fær fjárhagsaðstoð til lengri tíma.

Lykilorð: ungt fólk, fjárhagsaðstoð, atvinnuleysi, afdrif.

Abstract

The article examines the status and outcome of young adults aged 18–24 who received social assistance in Reykjavík for six months or longer in 2008, asking: how long did these individuals receive assistance and what is their social status and background? In order to examine the situation of this group, data was collected from the files of Reykjavík Social Services. The results show that 68% of these individuals still needed social assistance in 2011. In many cases they reported issues in childhood and as a group they were less educated than their peers in the general population. Furthermore, their social status was weak, substance abuse was common and a large proportion of the group dealt with mental health issues. The results indicate that the resources available have only helped a portion of this group and hence that it is important to gain knowledge about how to meet the needs of the majority.

Keywords: young people, social assistance, outcomes.

Inngangur

Langtímaatvinnuleysi getur haft sérstaklega alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ungt fólk sem ekki hefur náð fótfestu á vinnumarkaði (Lorentzen o.fl., 2014; Scarpetta, Sonnet, Manfredi, 2010; Þóroddur Bjarna-

son og Þórdís J. Sigurðardóttir, 2003). Atvinnuleysi meðal þeirra sem hefja starfsferil sinn þegar atvinnuleysi er mikið er almennt meira en hjá öðrum hópum (NOSOSKO, 2011; Scarpetta o.fl., 2010). Þeir sem stunda nám á meðan slíkt atvinnuástand varir ná hins vegar frekar að fóta sig á vinnumarkaði þótt þeir hafi verið án atvinnu um tíma. Því eru það þau ungmenni sem minnstu menntunina hafa sem koma verst út úr slíku ástandi (Bell og Blanchflower, 2011; Lorentzen o.fl. 2014). Atvinnuleysi ungs fólks jókst hér á landi í kjölfar efnahagskreppunnar. Þegar Svíar og Finnar lentu í efnahagskreppu í upphafi tíunda áratugs liðinnar aldar kom í ljós að ákveðnum hópi ungmenna tókst ekki að fóta sig á vinnumarkaði þegar kreppunni lauk. Skýringa var meðal annars leitað í hinum alvarlegu áhrifum sem langtímaatvinnuleysi getur haft á einstaklinga og er í þessu sambandi oft vísað til „týndu kynslóðarinnar“ (Bell og Blanchflower, 2011). Ekki þarf að fjölyrða um það hve alvarleg áhrif það hefur á stöðu ungs fólks að ná ekki fótfestu á vinnumarkaði en margt hefur verið skrifað um afleiðingar langtímaatvinnuleysis á heilsu, líðan, fjárhag og félagslega stöðu viðkomandi (sjá t.d. Bell og Blanchflower, 2011; Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson og Tómas Bjarnason, 2012; Hultman og Hemlin, 2008; Jahoda, 1982; Janlert, 1997).


Í þessari grein er sjónum beint að ungu fólki á aldrinum 18–24 ára sem sótti um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í sex mánuði eða lengur árið 2008. Í greininni er hópnnum fylgt eftir til 2011 og spurt hver afdrif hans voru, hvort hann hafi náð að breyta aðstæðum sínum eða þurft á frekari fjárhagsaðstoð að halda.

Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 tryggja atvinnuleysisbætur til þeirra sem af einhverjum ástæðum eru án vinnu. Réttur til atvinnuleysisbóta er þó áunninn og nauðsynlegt er að ákveðin skilyrði séu upp-

fyllt líkt og hve lengi viðkomandi hafi verið á vinnu- markaði. Þeir sem ekki eiga rétt á slíkum bótum geta sótt um fjárhagsaðstoð frá því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Sveitarfélögum er skylt að veita fjárhagslega aðstoð til þeirra sem ekki eru færir um að framfleyta sér án aðstoðar, en hvert sveitarfélag fyrir sig setur reglur um það hvernig haga skuli fjárhagsaðstoðinni. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er neyðaraðstoð sem ætluð er til skamms tíma þar til einstaklingurinn nær að finna varanlega lausn á framfærsluvanda sínum. Samkvæmt 16. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er sveitarfélögum einnig skylt að bjóða íbúum sínum upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar (*Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga* nr. 90/1991).

Fjöldi þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda sveiflast á milli ára og árið 2007 var heildarfjöldi þessara einstaklinga lægri en öll önnur ár á tímabilinu 1997–2013. Frá 2007 fór fjöldi þeirra vaxandi og fjölgaði hlutfallslega mest í aldurshópnum 18–24 ára eða úr 660 árið 2007 í 1221 árið 2011 þegar hann var mestur eins og mynd 1 sýnir (Hagstofa Íslands, 2014a).




Mynd 1. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar í Reykjavík eftir aldri
Heimild: Hagstofa Íslands, 2014-a

Auk hefðbundinnar fjárhagsaðstoðar er mögulegt, skv. reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, að veita fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna. Ungir Reykjavíkingar sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmiðið er að gera þeim kleift að auka menntun sína og greiða leið þeirra að lánshæfu námi (Reykjavíkurborg, e.d.a; Reykjavíkurborg, e.d.b). Námsaðstoðin er mikilvægt úrræði félagsþjónustu sveitarfélaga til að efla félagslega virkni einstaklinga og hæfni í atvinnuleit (Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, 2009). Einnig er heim-

ild til að veita sérstaka fjárhagsaðstoð vegna kaupa á húsbúnaði fyrir ungt fólk sem er að stofna sitt fyrsta heimili. Þá er heimilt að veita styrk fyrir sérfræðiaðstoð ef þörf þykir. Samkomulag um félagslega ráðgjöf skal ávallt liggja fyrir þegar námsstyrkur eða styrkur vegna sérstakra erfiðleika er veittur. Með því er átt við samning milli notanda og ráðgjafa þjónustumiðstöðvar um gagnkvæmar skyldur þeirra. Einnig á það við þegar um fyrirbyggjandi starf eða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið á vegum barnaverndar er að ræða (Reykjavíkurborg, e.d.b).

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár lagt áherslu á að ungt fólk fái viðtal hjá ráðgjafa á þjónustumiðstöð eins fljótt og unnt er eftir að fjárhagsaðstoð hefur verið greidd eða eigi síðar en sex mánuðum eftir að aðstoðin er veitt. Árið 2012 var verklagsreglum breytt og skal samkvæmt þeim ekki greiða fjárhagsaðstoð til fólks á aldrinum 18–24 ára nema að undangengu viðtali við ráðgjafa. Í úttekt á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar kom í ljós að nokkur munur var á hve hátt hlutfall þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð, 24 ára og yngri, var með gilt samkomulag um félagslega ráðgjöf fyrstu þrjú mánuði árána 2011 og 2012 eins og mynd 2 sýnir. Hæst var hlutfallið 60% en lægst um 10% (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð í Reykjavík 24 ára og yngri með samkomulag um félagslega ráðgjöf í gildi í janúar-mars árin 2011 og 2012
Heimild: Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því hjá Reykjavíkurborg að hvetja og styðja unga notendur fjárhagsaðstoðar í atvinnuleit. Borgin býður upp á margs konar úrræði fyrir þá notendur sem eru í atvinnuleit sem er ætlað að auka möguleika þeirra á vinnu- og sporna gegn langtímaatvinnuleysi (Reykjavíkurborg, e.d.c). Þar ber að nefna *Atvinnutorg* sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vinnu- og atvinnuleitastofnunar. Því er ætlað að veita atvinnuleitendum stuðning í leit að vinnu og er einkum ætlað þeim sem ekki njóta bótaréttar hjá Vinnu- og atvinnuleitastofnun



þótt það hindri ekki þátttöku annarra. Þar er boðið upp á starfsþjálfun og tímabundna ráðningu í að hámarki sex mánuði (Reykjavíkurborg, e.d.d). *Námskeið fyrir unga atvinnuleitendur* er samstarfsverkefni Hins hússins og Vinnumálastofnunar og er einnig ætlað ungu fólki. *Virknibrú* er beint að notendum á aldrinum 18–24 ára til þess að rjúfa einangrun, veita stuðning og hvetja þá til að nýta sér þau úrræði sem þeim standa til boða. *Starfskraftur* er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar með það að markmiði að veita ungum brottfallsnemunum sjálfsstyrkingu. *Sumarstörf til virkni* er ætlað að veita þeim sem fengið hafa framfærslu vegna náms frá Reykjavíkurborg og ekki hafa fengið vinnu, forgang í sumarstörf borgarinnar (Reykjavíkurborg, e.d.c). Þá hefur *Hitt Húsið* boðið upp á þjónustu fyrir ungt fólk í atvinnuleit sem hefur þar aðgang að atvinnuráðgjöfum sem aðstoða eftir fremsta megni við atvinnuleit. Þar er einnig boðið upp á námskeiðið *Vítamín* fyrir ungmenni 18–24 ára í atvinnuleit og *Vinnustaðanám* í samstarfi við Vinnumálastofnun sem er ætlað ungmennum á aldrinum 18–29 ára (*Hitt Húsið – miðstöð ungs fólks*, e.d.). *Fjölsmiðjan* er vinnusetur með yfirskriftinni *fyrir ungt fólk á krossgötum* og veitir ungu fólki þjálfun áður en það fer á almennan vinnumarkað eða í frekara nám. Hún var stofnuð af Rauða krossinum, félagsmálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu árið 2001. Áhersla er lögð á það að þau ungmenni sem starfa hjá Fjölsmiðjunni verði sterkari einstaklingar, bæði félagslega og í námi, og þar með hæfari á vinnumarkaði (*Fjölsmiðjan*, e.d.).

Þessi áhersla Reykjavíkurborgar á virka vinnumarkaðsstefnu fyrir ungt fólk er mjög í samræmi við áherslur laga um atvinnuleysisstryggingar og aukna áherslu á starfsendurhæfingu hér á landi á liðnum árum (Guðný Björk Eydal, Halldór Guðmundsson og Tómas Bjarnason, 2012; Halldór Guðmundsson, 2012).

Aðferðir og framkvæmd

Til að leita upplýsinga um afdrif umsækjenda um fjárhagsaðstoð á tilteknu tímabili var ákveðið að leita eftir samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkur. Veitt var leyfi til að gagna yrði aflað með því að skrá upplýsingar úr málaskrá viðkomandi einstaklinga, en þar eru skráðar þær upplýsingar sem tengjast máli hvers þeirra fyrir sig. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og nýtt heimild Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til að vinna úr gögnum í málaskrá í rannsóknarskygni. Áður en vinna við gagnaöflun hófst undirritaði rannsakandi

eyðublað frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar varðandi trúnað og þagnarskyldu.

Rannsóknaraðferðin hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru óeitanlega þeir að komist er hjá brottfalli þar sem ekki þarf samþykki viðkomandi einstaklinga auk þess sem komist er hjá því að ónáða þá. Að auki var það mat höfunda að hefðbundin spurningakönnun myndi ekki henta vel til að afla upplýsinga meðal þessa hóps, þar sem ólíklegt væri að hægt yrði að ná nægilega góðri svörun. Það er einnig kostur að gagnanna hefur verið aflað af öðrum en rannsakanda þar sem hugmyndir hans geta ekki haft áhrif á gagnaöflunina. Um leið getur það verið galli að ekki sé hægt að tryggja að leitað sé upplýsinga um öll þau atriði sem rannsakandinn telur mikilvæg. Gagnanna er oftast aflað af fleiri en einum starfsmanni. Það getur gert upplýsingar áreiðanlegri en einnig valdið vanda. Samkvæmt rannsókn Erlu Bjargar Sigurðardóttur (2011) er samræmi í skráningu starfsmanna í málaskrá og skráningu almennt ábótavant. Þetta atriði er mikilvægt að hafa í huga við túlkun á niðurstöðum þar sem það er mögulegt að farist hafi fyrir að skrá þjónustu sem hugsanlega hefur staðið umsækjendum til boða og/eða þeir nýtt sér.

Rannsóknin náði til allra þeirra einstaklinga á aldrinum 18–24 ára sem fengu fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur árið 2008. Í heildina voru þetta 148 einstaklingar (66 karlar og 82 konur) og því var um svokallað markmiðsúrtak að ræða. Gagnaöflun fór fram hjá Velferðarsviði Reykjavíkur haustið 2012. Málaskrár voru lesnar, upplýsingar skráðar og þær færðar inn í tölfraeðiforritið SPSS. Að því búnu var unnið úr gögnunum með lýsandi tölfraedi.

Niðurstöður

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum varðandi félagslega stöðu þeirra einstaklinga sem um ræðir, annars vegar bakgrunn þeirra og hins vegar afdrif þeirra, þ.e. hvort um er að ræða frekari aðstoð á tímabilinu.


Aðstoðartímabil

Þegar skoðað er hlutfall þess hóps sem sækir um frekari aðstoð næstu ár á eftir má sjá að þrátt fyrir lækkanði hlutfall fær stór hópur enn aðstoð 2011. Árið 2009 fengu 85% (n=123) hópsins fjárhagsaðstoð, árið 2010 var hlutfallið orðið 75% (n=110) og ári seinna 68% (n=101). Aðeins 12 einstaklingar (8,1%) af upphaflega hópnum (n=148) frá 2008 fengu ekki frekari fjárhagsaðstoð á rannsóknartímabilinu (2008–2011). Hlutfall þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg öll árin 2008–2011 var 57% (n=85). Gögnin veita ekki

upplýsingar um hvað verður um þá sem ekki fá frekari aðstoð.

Atvinnu- og félagsstaða

Mynd 2 sýnir stöðu einstaklinganna fyrir hin ólíku ár. Algengast var að unga fólkið væri skráð óvinnufært og þyrfti því að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar í því skyni að fá fjárhagsaðstoðina greidda. Ríflega þriðjungur var atvinnulaus en án bótaréttar hjá Vinnuárástofnun. Þá var nokkuð algengt að þessir einstaklingar væru í námi.



Mynd 3. Fjöldi ungmenna 18-24 ára sem fengu fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur árið 2008; staða árin 2008-2011

Nokkur hreyfing var á stöðu einstaklinganna milli ára. Óvinnufærum fækkaði úr 74 árið 2008 í 52 árið 2011. Níu höfðu verið metnir 65% eða 75% öryrkjar og átta höfðu fengið endurhæfingarlífeyri árið 2011. Svipaður fjöldi var í vinnu öll árin 2008-2011 eða í um fjórir til sex, nema árið 2010 en þá voru aðeins tveir með vinnu. Námsmönnum fjölgaði á tímabilinu og voru 22 árið 2008. Þannig var nokkur hreyfing á stöðu einstaklinganna.

Langflestir voru einhleypir eða 68% af hópnum. Einstæðar mæður voru 32 eða 21% allra og einn var giftur eða í sambúð með eitt barn eða fleiri. Fjórðungur þessara einstaklinga átti eitt barn og um 7,5% átti tvö börn.

Búseta breyttist talsvert milli ára en langflestir bjuggu í leiguhúsnæði. Árið 2008 bjuggu um 40% hópsins á almennum leigumarkaði en hlutfallið jókst og varð hæst 50% árið 2010. Þá fjölgaði þeim sem leigðu hjá Félagsbústöðum á tímabilinu og varð hlutfallið hæst 15%. Lítil hluti hópsins bjó á heimili foreldra

sinna en 12-18% dvöldu hjá öðrum. Rúmlega 10% hópsins voru húsnæðislaus. Þá bjuggu örfáir (1-4) í eigin húsnæði.

Árið 2008 var menntunarstig þessara einstaklinga almennt lágt, flestir höfðu aðeins lokið grunnskólanámi eða 85%. Þá höfðu 10% þeirra lokið námi á framhaldsskólastigi og fjölgaði þeim um tvo á árunum 2008-2011. Upplýsingar um menntun eins og þær voru skráðar benda því ekki til þess að þessir einstaklingar hafi aukið menntun sína á tímabilinu. Árið 2008 fengu 17 námsaðstoð eða 12% hópsins. Ári síðar fékk 21 (14%) námsaðstoð, árið 2010 16, og 22 árið 2011.

Uppeldisaðstæður

Ekki var samræmi í skráningu í málaskrá þegar kom að fjölskyldutengslum fólks í hópnum en fram kom að í ákveðnum tilvikum voru einstaklingar í engum eða takmörkuðum samskiptum við fjölskyldu sína eða eingöngu í sambandi við annað foreldri sitt.

Fram kemur í málaskráum að stór hluti þessara einstaklinga hafi alist upp við félagslega erfiðleika í æsku. Barnavernd hafði haft afskipti af heimilum fjórðungs hópsins og fram kom að einn af hverjum fimm hafði orðið fyrir einhvers konar ofbeldi í æsku, ýmist andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu. Í sjö tilvikum var skráð að um að kynferðislegt ofbeldi gagnvart viðkomandi einstaklingi hefði verið að ræða meðan hann var enn á barnsaldri. 23 af þeim 28 sem greindu frá ofbeldi sögðu það hafa verið af hálfu foreldra og/eða stjúpforeldra. Einnig var um að ræða áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra. Í málaskrá hjá einum einstaklingi lýsir hann kvíðaeinkennum frá sjö ára aldri vegna áfengisneyslu foreldris. Hér er þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða því mjög misjafnt var hversu vel félagssaga var skráð.

Upplýsingar um skólagöngu var aðeins að finna í hluta af málaskráum en níu einstaklingar greindu frá einelti í grunnskóla.

Geðræn vandkvæði

Um 30% einstaklinga greindu frá þunglyndi og nokkuð var um að þeir greindu frá sjálfsvígshugsunum eða sjálfsvígstilraunum. Þá sögðust nokkrir vera vinfáir og sumir töldu sig einungis eiga neyslufélaga en ekki vini. Á eftir þunglyndi var kvíði algengastur geðraskana en um 20% greindu frá kvíða eða kvíðaköstum. Um 10% þeirra sem um ræðir sögðu frá félagsfelni og sama hlutfall greindi frá ADHD. Rétt um 15% þeirra greindi frá annars konar geðröskunum en hér hafa verið nefndar. Staða einstaklinga með geðræna erfiðleika var skoðuð



sérstaklega og kom í ljós að langstærsti hluti hópsins er skráður óvinnufær allt tímabilið. Staða hópsins breytist töluvert á tímabilinu 2008–2011. Þó er langstærsti hluti hópsins skráður óvinnufær allt tímabilið eða 44 af 65, en 10 höfðu verið metnir öryrkjar eða fengið endurhæfingarlífeyri.

Samkvæmt upplýsingum í málaskrárm glímur meirihlutinn, eða rúmlega 60% hópsins sem fékk fjárhagsaðstoð árið 2008 í sex mánuði eða meira, við vanda vegna neyslu vímuefna. Þá er átt við neyslu áfengis og/eða lyfja í óhófi og/eða hvers konar neyslu ólöglegra vímuefna. Af þeim segja um 60% neysluna hafa byrjað á grunnskólaaldri. Auk þess greina 30% þessara einstaklinga frá áfengis- og/eða vímuefnavanda foreldra sinna, en í málaskrárm voru dæmi um að foreldrar hefðu verið eða séu neyslufélagar þeirra. Í málaskrárm hjá rúmlega 10% þeirra sem um ræðir kom fram saga um afbrot og í flestum tilfellum voru afbrotin neyslutengd. Allir þeir sem greindu frá afbrotasögu sinni greindu einnig frá neyklusögu.

Samkomulag um félagslega ráðgjöf

Samkomulag um félagslega ráðgjöf er samningur milli notanda og ráðgjafa þjónustumiðstöðvar um félagslega ráðgjöf sem sveitarfélaginu er skylt að veita samkvæmt lögum. Þegar athugað er í málaskrárm hvort viðkomandi einstaklingar hafi haft samkomulag um félagslega ráðgjöf í gildi á árunum 2008–2011 kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur það ekki. Árin 2008, 2009 og 2011 höfðu um 15% einstaklinga í gildi samkomulag um félagslega ráðgjöf. Árið 2010 höfðu þó fleiri gert slíkan samning eða tæplega 25%. Rúmur helmingur eða alls 87 einstaklingar höfðu einhvern tíma á tímabilinu haft samkomulag um félagslega ráðgjöf í gildi.

Umræða og lokaorð

Markmið þessarar greinar var að kanna stöðu og afdrif ungs fólks (18–24 ára) sem fékk fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur árið 2008, alls 148 einstaklingar. Í ljós kom að 68% hópsins hafði fengið fjárhagsaðstoð árið 2011 og 57% hópsins þurfti á fjárhagsaðstoð að halda allt tímabilið. Einungis þrír einstaklingar af 148 voru í launaðri vinnu árið 2011.

Stór hluti hópsins ólst upp við félagslega erfiðleika og t.d. voru upplýsingar í málaskrárm 28 einstaklinga um að þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi í æsku, í flestum tilvikum af hálfu foreldra og/eða stjúpfareldra. Þá hafði barnavernd haft afskipti af heimilum um fjórðungs þessara einstaklinga þegar þeir voru börn. Þessar niðurstöður kalla á vangaveltur um það hvort þjónusta

við börn, sem búa við ófullnægjandi uppeldisskilyrði og/eða erfiðleika, sé fullnægjandi og hvort þau fái þann stuðning sem nauðsynlegur er til að þau geti búið við viðunandi aðstæður.

Um helmingur hópsins var óvinnufær sökum heilsufars og margir áttu við geðræn vandkvæði að stríða. Fram kom í málaskrárm hjá 30% þeirra sem um ræðir að þeir hefðu glímt við þunglyndi og rúmlega 60% áttu við vanda að stríða vegna neyslu vímuefna. Niðurstöður benda til þess að mikilvægt sé að veita ungu fólki í þessum aðstæðum öflugan stuðning til að efla geðheilsu þess eins og kostur er. Hér reynir á samvinnu margra stuðningskerfa þar sem úrræði og stuðning er víða að finna.

Það er mikilvægt fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti að njóta stuðnings í sínu nánasta umhverfi, frá fjölskyldu og vinum. Það kom því á óvart hve fátt var skráð um fjölskyldustöðu í málaskrárm, en dæmi voru um takmörkuð eða jafnvel engin samskipti viðkomandi einstaklinga við fjölskyldu eða vini. Ef þá skortir stuðning frá fjölskyldu er mikilvægt að hið opinbera kerfi veiti stuðning.

Félagsþjónusta sveitarfélaga er lögum samkvæmt skylt að veita félagslega ráðgjöf þeim íbúum sveitarfélagsins sem á þurfa að halda. Í Reykjavík tíðkast að gera samkomulag um félagslega ráðgjöf við einstakling þar sem kveðið er á um skyldur sveitarfélags og þess sem þiggur aðstoðina og skráð er hverju hann vill breyta í tengslum við aðstæður sínar. Árið 2012 var verklagsreglum breytt í þá veru að ekki skuli greiða fjárhagsaðstoð til fólks á aldrinum 18–24 ára nema að undangengu viðtali við ráðgjafa. Niðurstöðurnar sýna að 15% þeirra einstaklinga sem um ræðir höfðu slíkan samning í gildi á árunum 2008–2011 að undanskildu árinu 2010 þegar hlutfallið var 25%. Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar sýna að stór hluti ungs fólks sem leitaði eftir langtímafjárhagsaðstoð á tímabilinu 2008–2011 býr við fjölþættan vanda og lakan stuðning í sínu nánasta umhverfi og hefur því þörf fyrir markvissa félagsráðgjöf þar sem heildarsýn er beitt í vinnu með viðkomandi einstaklingum. Á krepputímum bregðast stofnanir gjarnan við kröfum um sparnað með því að fjölga ekki starfsmönnum þrátt fyrir fjölgun þeirra sem leita aðstoðar, og því vinnst hvorki tími til að mæta hverjum einstaklingi né úrræði við hæfi. Þess vegna er mikilvægt að huga að því hvort fjármunir sparast í raun til lengri tíma lítið ef ekki reynist unnt að veita ungu fólki aðstoð til sjálfshjálpar í samræmi við markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Heimildir

- Bell, D.N.F. og Blanchflower, D.G. (2011). Young people and the great recession. *Oxford Review of Economic Policy*, 27, 241–267.
- Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir. (2012). *Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar: Samantekt*. Sótt 22. nóvember 2012 á http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/rannsoknir_kannanir/_ttekt__fj_rhagsa_sto__samkv_mt_reglum_Reykjav_kurborgar.pdf
- Erla Björg Sigurðardóttir. (2011). *Úttekt á stöðu notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 6 mánuði og lengur í júní 2011*. Óútgefið handrit.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009). *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun* [rafræn útgáfa]. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
- Fjölsmiðjan. (e.d.). *Um Fjölsmiðjuna*. Sótt 5. september 2013 á <http://fjolsmidjan.is/Um%20Fj%C3%B6lsmi%C3%B0juna>
- Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson og Tómas Bjarnason. (2012). Atvinnuleysi og vinnumarkaðsúræði. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1988–2012* (bls. 185–212). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Hagstofa Íslands. (2014-a). Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð, aldri og landsvæðum 1997–2013. Sótt 21. nóvember 2014 á <http://hagstofan.is/?PageID=770&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=HEI09102%26ti=Vi%F0takendur+fj%E1rhagsa%F0sto%F0ar+sveitarf%E9laga+eftir+fj%F6lkskylduger%F0%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1997%2D2013+%26path=../Database/heilbrigdismal/fjarhagursvf/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (2014-b). Mannfjöldi 16 ára og eldri eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt 1998–2014. Sótt 26. janúar 2015 á <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN07209%26ti=Mannfj%F6ldi+16+%E1ra+og+eldri+eftir+kyni%2C+aldri+og+hj%FAskaparst%E9tt+1998%2D2014%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Halldór S. Guðmundsson. (2012). Starfsendurhæfing, virkni og aðlögun að vinnumarkaði. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1988–2012* (bls. 213–231). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Hitt Húsið, miðstöð ungs fólks. (e.d.) Sótt 25. september 2013 á <http://www.hitthusid.is/desktopdefault.aspx>
- Hultman, B. og Hemlin, S. (2008). Self-rated quality of life among the young unemployed and the young in work in northern Sweden. *Work*, 30(4), 461–472.
- Jahoda, M. (1982). *Employment and unemployment: A social-psychological analysis*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Janlert, U. (1997). Unemployment as a disease and diseases of the unemployment. *Scandinavian Journal of Work, Environment & Health*, 23(Suppl 3), 79–83.
- Lorentzen, T., Angelin, A., Dahl, E., Kauppinen, T., Moisiu, P. og Salonen, T. (2014). Unemployment and economic security for young adults in Finland, Norway and Sweden: From unemployment protection to poverty relief [Rafræn útgáfa]. *International Journal of Social Welfare*, 23(1), 41–51.
- Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- NOSOSCO. (2011). Social protection in the Nordic Countries 2009/10: Scope, expenditure and financing. Copenhagen: NOSOSCO.
- Reykjavíkurborg. (e.d.a). Fjárhagsaðstoð. Sótt 6. mars 2013 á http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-630/
- Reykjavíkurborg. (e.d.b). Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg með síðari breytingum frá 2006. Sótt 6. mars 2013 á http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/reglur/fjarhagsadstod/Reglur_um_fj_rhagsa_sto__birtingareintak_januar_07.pdf
- Reykjavíkurborg. (e.d.c). Atvinnustefna Reykjavíkur: Skapandi borg. Sótt 6. mars 2013 á <http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources//ATVINNUSTEFNA%28low%29.pdf>
- Reykjavíkurborg. (e.d.d). Atvinnutorg. Sótt 4. mars 2013 á http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3591/5336_view-5142
- Scarpetta, S., Sonnet, A. og Manfredi, T. (2010). *Rising youth unemployment during the crisis: How to prevent negative long-term consequences on a generation?* OECD Social, Employment and Migration Working Papers, No. 106, Paris: OECD. doi:10.1787/5kmh79zb2mmv-en
- Þóroddur Bjarnason og Þórdís J. Sigurðardóttir. (2003). Psychological distress during unemployment and beyond: Social support and material deprivation among youth in six northern European countries. *Social Science & Medicine*, 56(5), 973–985.